



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudagur 27. nóvember 2018 á Kjóavöllum.

1. fundur

Fundur hófst kl. 17:30

Mættir: Auður Stefánsdóttir, Magnús Benediktsson og Lárus Finnbogason, Sverrir Einarsson, Kristján Ríkharðsson, Margrét Tómasdóttir, Ólafur Karl Eyjólfsson.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson boðaði forföll.

Á þessum 1. fundi stjórnar var eftirfarandi tekið fyrir:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar samþykkt.
2. Ný stjórn skipar með sér verkum : Formaður Sveinbjörn Sveinbjörnsson formaður, Auður Stefánsdóttir varaformaður, Lárus Finnbogason gjaldkeri, Margrét Tómasdóttir ritari og meðstjórnendur Sverrir Einarsson, Kristján Ríkharðsson og Ólafur Karl Eyjólfsson
3. Farið yfir fjármál félagsins. Það er ljóst að staðan er erfið og vinna þarf að því að auka tekjur . Mikið rætt um aðkomu sveitarfélaganna, iðkendafjölda, félaga og félagsgjöld, nýliðun og framtíðarstefnu.
4. Meistaradeild í hestaþróttum hefur gert samning við Sprett að vera með 3 greinar í Sprettshöllinni, þ.e. 31. janúar, 14. febrúar og 28. febrúar.
5. Bréf barst stjórn frá fulltrúum töltgrúppunnar, fyrir hönd Ragnheiðar Samúelsdóttur reiðkennara, um aðstöðu til æfinga. Greinilegt að beiðni þeirra um tíma rekst að hluta til á aðra starfsemi í húsinu. ÓKB falið að ræða og svara hlutaðeigandi aðilum og ganga frá málinu.
6. Rætt um starfsmannamál og útvistun verkefna.

Fundi slitið kl. 19:40

Fundargerð ritaði Margrét Tómasdóttir